# Móri í Laos





1 2 3 4 5

Þessi bók er í 1. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



Nam Sam er á í Laos.

Númi er í ánni Nam Sam. 
Nína er í ánni. 
Og Rúrí er í ánni. 

Númi, Nína og Rúrí eru í Nam Sam.

Rúrí er mamma Núma og Nínu.




Hvernig eru fiskarnir á litinn?
Hvað eru fiskarnir margir?




Salí í Laos er 7 ára.
Salí á 

Alan í Laos er 8 ára.
Alan á 

Amí er mamma Salí og Alans.
Í Laos er sumar og sól.





Á hverju stendur strákurinn?
Til hvers eru prammar notaðir?
Hvernig er veðrið?




Móri er risa 
Móri lá í ánni Nam Sam.

Mmm, sagði Móri.
Mmm, ég vil ná í Núma
og ég vil ná í Nínu og Rúrí.

Namm, namm.










Hvaða dýr sérðu á myndinni?
Hvað veistu um stóra dýrið?




Salí og Alan voru
á ánni á 

Salí og Alan sáu Núma.
Salí og Alan sáu Nínu.
Salí og Alan sáu Rúrí.

En Númi, Nína og Rúrí
sáu ekki Salí og Alan.



Hvaða dót eru Salí og Alan með á prammanum?
Á hvað eru þau að horfa?

Númi, Nína og Rúrí
sáu ekki Móra
sem var í ánni.




Namm, sagði Móri.
Ég vil ná í Núma,
Nínu og Rúrí.

Móri sá Núma, Nínu og Rúrí
en Móri sá ekki Salí og Alan.










Hvað eru fiskarnir að gera? En Móri?
Eru til krókódílar á Íslandi?



Ég sé Móra, sagði Alan.
Ó, ó, sagði Salí.

Náum í 
sagði Alan.
Og náum í 
sagði Salí.

Uss, uss, ekki, sagði Alan.
Ó, Móri, ekki, ekki, sagði Salí.

Salí og Alan ná Núma
og Nínu og Rúrí í 
Alan sagði: Vá, vá!

 Á hverju halda krakkarnir? Til hvers nota þeir háfinn?





Núna er Móri sár.
Móri sá
og Móri sá
Móri sá Núma og Rúrí í

Móri sá Alan og Salí.
Númi, Nína og Rúrí
sáu ekki Móra í ánni.

Hvernig heldur þú að Móra líði núna?
Um hvað ætli hann sé að hugsa?



Amí mamma sá Alan og Salí
og Núma, Nínu og Rúrí.

Mamma sá ekki Móra
sem var í ánni Nam Sam.
Og Móri sá ekki Amí.

Vá, vá, vá, sagði mamma.
Amí, Alan og Salí í Laos voru alsæl.



Á hvað er mamma að benda?
Hvað eru Alan og Salí að gera við fiskana?

# Notkun

## Áður en barnið les textann

Æskilegt er að barnið sé hvatt til að skoða myndirnar vel og velta fyrir sér sögunni út frá þeim. Þetta ættu kennari/foreldri og barn helst að gera saman. Neðst á blaðsíðunum eru spurningar sem styðjast má við.

Miðað er við að barnið hafi ekki lært alla bókstafina og er textinn því afar einfaldur en myndunum er ætlað að dýpka hann og gæða söguna lífi. Þá gefst einnig tækifæri til að kynna orð sem verða á vegi barnsins og auðvelda því lesturinn.

## Á meðan lesið er

Ef barnið er mjög hæglæst getur verið hvetjandi fyrir það að fullorðinn hefji lesturinn og lesi t.d. fyrstu blaðsíðuna, jafnvel aðra hverja blaðsíðu eða aðra hverja línu til að barnið gefist ekki upp og njóti þess að ljúka við að lesa bók.

## Eftir lestur textans

Mikilvægt er að ræða betur það sem kom fram, spyrja spurninga úr textanum og ganga úr skugga um lesskilning. Þá getur verið skemmtilegt að fara í orðaleiki, finna tiltekin orð í bókinni, telja hvað þau koma oft fyrir, finna orð sem ríma, falleg orð, skrýtin orð, orð sem merkja það sama o.s.frv.

# Móri í Laos

Lestrarbók 5b

ISBN 978-9979-0-1785-1

© Arnheiður Borg og Sigrún Löve
© teikningar Halla Sigríður M. Haugen
Ritstjórn: Sylvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2013
önnur prentun 2017
þriðja prentun 2020
Menntamálastofnun
Kópavogi

Umbrot: Námsgagnastofnun
Prentun: Litróf ehf. – Umhverfisvottuð prentsmiðja

**5b**



# Listin að lesa og skrifa



Lestrarkennsluefnið *Listin að lesa og skrifa* er fyrir byrjendur í lestri og byggist fyrst og fremst á hljóðaaðferð. Efnið skiptist í fjórar vinnubækur, litlar lestrarbækur, örbækur, lestrarspil, kennsluleiðbeiningar og verkefni á vef.

Í þessari bók eru bókstafirnir **ú**, **m**, og **n** æfðir sérstaklega auk orðmyndanna **og**, **ekki** og **sagði**.

Höfundar eru Arnheiður Borg og Sigrún Löve.
Teikningar gerði Halla Sigga.



MENNTAMÁLASTOFNUN
07178

ISBN 978-9979-0-1785-1